

NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN NORDURLANDS

SKÝRSLA 17

HALLDÓR G. PÉTURSSON

SKRIÐUANNÁLL 1991 - 1992

AKUREYRI 1993

INNGANGUR

Skýrsla þessi er þriðji skriðuannállinn sem ég set saman. Áður eru komnir skriðuannálar fyrir árin 1951-1970 og 1971-1990. Aðalmunurinn á þessum annál og hinum eldri er að þessi er skráður um leið og atburðirnir eiga sér stað. Fylgst hefur verið með fréttum af veðri og því er mikið af upplýsingunum sem hér eru skráðar eingöngu fengnar úr fréttatímum Ríkisútværpsins. Enn er mikið af upplýsingum fengið úr Morgunblaðinu og auk þess var leitað kerfisbundið í DV og nokkrum héraðsfréttablöðum.

Mikið hefur verið um skriðuföll og grjóthrun á þessum tveimur árum, en ekki hefur það allt verið stórvægilegt. Mest hefur verið um ofanföll á veginn sem liggja um brattar skriður. Ólafsþjarðarmúli er fallinn út eftir að jarðgöng voru gerð gegnum hann. Í Múlanum er jafnmikið um skriðuföll og áður, þeirra er bara ekki getið lengur. Getið er um jarðsig á Almenningum á Siglufjarðarvegi, en þess var síðast getið 1983. Stöðugt sig hefur þó verið allan tímann. Staðstu skriðuföllin á tíma-bilinu urðu Sunnanlands við rigningar að vetri (Fljótshlíð 13.01.92), en Norðanlands við haustrigningar (Ljósavatnskarð-Hörgárdalur 04.10.91, Kaldakinn-Öxna-dalur 30.08.-07.09.92). Vert er einnig að nefna skriðuföll í Blönduhlíð í Skagafirði (06.07.92), en þau urðu í asahláku eftir mikið sumarhret. Einnig eru skriðuföllin í Varmadal í Kjalarneshreppi 06.02.91 mjög athyglisverð, en orsaka þeirra virðist að leita í framrás uppistöðuvatns úr gömlu malarnámi.

Þeim upplýsingum sem notaðar hafa verið við annálsritun þessa er haldið til haga á Náttúrufræðistofnun Norðurlands. Ég naut enn á ný velvilja og aðstoðar Amts-bókasafnsins á Akureyri við söfnun þessara upplýsinga. Kann ég Amtsþókaverði Lárusi Zophoniassyni og öðrum starfsmönnum Amtsþókasafnsins hinar bestu þakkir fyrir.

Að lokum er rétt að geta þess að upplýsingaöflun þessi er samvinnuverkefni Náttúrufræðistofnunar Norðurlands, Veðurstofu Íslands og Ofanflóðasjóðs.

Halldór G. Pétursson

SKRIÐUANNÁLL

1991

14. jan. KAMBANESSKRIÐUR.

Skriður, grjóthrun.

Hvasst af suðaustri með rigningu og hlýindum, leysing.

Grjótskriður félleu á veginn um Kambanesskriður í nótt, og gerðu hann ófæran.

Heim: Ríkisútvárið 14.01., fréttir kl. 09.

3. febr. HVALFJÖRÐUR, VESTMANNAEYJAR (Álsey), ÞVOTTÁRSKRIÐUR, HVALSNESSKRIÐUR.

Grjóthrun, skriða.

Mjög kröpp lægð myndaðist suður af landinu þ. 2. og fór norður með vesturströndinni daginn eftir. Fárvíðri var um mestallt landið.

Á veginum við Pyril er grjót á veginum og víða gæti verið grjót á veginum um Hvalfjörð. ...Stórgryti hefur hrunið á veginn um Hvalfjörð (RÚV 03.02.).

Hús lundaveiðimanna í Álsey varð fyrir aurskriðu og skemmdist mikið fyrir skömmu. Skriðan fíll úr hlíðinni fyrir ofan húsið og lenti á því með þeim afleiðingum að það færðist nokkra metra úr stað og er líklega ónýtt (Mbl. 19.02.). ...Lundakarlar urðu sumir hverjir fyrir miklu tjóni í óveðrinu sem gekk yfir þann 3. þ.m. ...Í Álsey skreið húsið fram undan skriðu og er það ónýtt ásamt öllu sem í því var. Húsið stendur í brattri brekku og hafði jarðvegur ofan við það skriðið fram og tók húsið með sér. Gekk það fram um eina two metra og er allt skakkt og bjagad (Fréttir, Vestmannaeyjum 21.02.).

Í Þvottár- og Hvalsnesskriðum er mikið grjóthrun og sandfok (RÚV 03.02.).

Heim: Ríkisútvárið 03.02., fréttir kl. 16. Mbl. 19.02. Fréttir, Vestmannaeyjum 21.02.

5. febr. GILSFJÖRÐUR.

Grjóthrun, skriður.

Þ. 4. og 5. voru lægðir vestan og sunnan við land, og lengst af sunnan hvassviðri eða stormur. Úrkomusvæði komu inn yfir land úr vestri, og frá Suðvesturlandi til Vestfjarða mældist víða mjög mikil úrkoma.

Gilsfjörður, Austur-Barðastrandarsýslu: ...Mjög mikið vatnsveður í allan dag. Vegur nú lokaður vegna grjóthruns og skriðufalla. Vegagerðarmenn höfðu ekki undan að hreinsa grjót af veginum og gáfust upp fyrir myrkur (RÚV 05.02.). ...Miklir vatnavextir og grjóthrun var í Gilsfirði í gær. Ekki var við neitt ráðið og hættu vegagerðamenn störfum undir kvöld í gær. Óráðlegt er talið að aka fyrir Gilsfjörð á meðan vatnsveðrið gengur yfir (Mbl. 06.02.).

Heim: Ríkisútvárið 05.02., fréttir kl. 24. Mbl. 06.02.

6. febr. MOSFELLSSVEIT (Varmidalur).

Skriða.

Fyrstu daga febrúarmánaðar rigndi mikið á SV-horni landsins, og var rigningin í Reykjavík 95.2 mm fram til kl. 09 þann 6. febrúar. ...þ. 6. hafði þegar rígt 30.3% umfram meðaltal alls mánaðarins.

Milljónatjón varð á sumarbústöðunum Systrahvammi í Varmadalslandi, upp með Leirvogsá á Kjalarnesi síðdegis í gær þegar brekka skreið fram vegna mikils vatnsveðurs að undanförnu. Tveir sumarbústaðir urðu fyrir mannhæðarhárri fyllu úr brekkunni og er annar talinn ónýtur, en hinn sem fór 15-20 m með skriðunni, er minna skemmdur (Mbl. 07.02.). ...Tveir sumarbústaðir á Kjalarnesi skemmdust mikið í gær þegar brekka fyrir ofan þá nánast skreið fram og á bústaðina. Malar nám er fyrir ofan bústaðina og talið er mögulegt að það hafi fyllst af vatni og ýtt skriðunni af stað (DV 07.02).

...Varmidalur stendur rétt norðan við Leirvogsá í Kjalarneshreppi, tæpum km austan við þjóðveg nr. 1. Innan við bæinn eru nokkrir sumarbústaðir undir brekku, sem snýr mótt suðaustri, og félลl aurskriðan á two þeirra, sem nefndust Systrahvammur. Sumarbústaðirnir stóðu fast undir hér um bil 15-20 m hárri grasbrekku, en ofan hennar tók við sléttur melur. Í þessum mel hefur lengi verið malarnám, en er nú aflagt. Við malarnámið hefur um 5 m. þykkt malarlag verið fjarlægt á stóru svæði, og eru tæpir 5 m frá brún malargryfjunnar og að brekkubrúninni ofan sumarbústaðanna. Brekkan er grasi gróin eins og áður sagði, og er jarðvegsþykkt þar frá 1 m upp í rúma 2 m. ...Það liggur því ljóst fyrir í þeirri rigningu og þeim hlýindum sem einkennt hafa þennan vetur, þá hefur brekkan fyrir ofan sumarbústaðina verið orðin mjög blaut. Einnig kemur inn í þetta vatn sem safnast hafði saman í malargryfjunni ofan við brekkuna, og má af ummerkjum þar ráða að dýpt þess hafi verið 70-80 cm. Þetta vatn er núna horfið, þrátt fyrir að úrkoma hafi verið óvenju mikil síðan skriðan féll. Má því ætla að það vatn sem streymdi út úr skriðusárinu eftir að hún féll hafi að miklu leyti komið úr tjörninni sem þarna var. Jarðskrið kemur þannig til að fylla í brekkunni fellur niður og fram, og er efsti hluti brotsársins mjög brattur. Í brotsárinu sjálfu er moldarjarðvegur, en í botni þess er komið niður á möl. Hæð brekkurnnar er rétt um 15-20 m með halla nálægt 40°-45°. Neðan brekkunar hallar landinu niður að ánni með meðalhalla í kringum 1:10. Fremsta tunga flóðsins er í 40 m fjarlægð frá brekkurótum. Mesta þykkt var áætluð 1.5-2 m (Jón Gunnar Egilsson 1991).

Heim: DV 07.02. Mbl. 07.02. Tím. 08.02. Jón Gunnar Egilsson 1991: Jarðvegs-skriða við Varmadal 6. febrúar 1991. Greinargerð, Veðurstofa Íslands.

Febr./mars VESTUR EYJAFJÖLL (Hvammur).

Skriða, grjóthrun.

Skiftust á hlýindi og miklar rigningar og langvinnir frostakaflar.

Bærinn Hvammur í Vestur-Eyjafjallahreppi stendur undir háum móbergs-hömrum, en neðan við hamrana er grasigróin brekka. Einn morgun í þeirri miklu rigningartíð sem gekk yfir Suðurland í byrjun febrúar, tóku bændur eftir því að jarðvegsfylla hafði rifnað frá rétt neðan við bergstálið og flotið niður brekkuna. Mikið sár myndaðist í jarðvegsþekjunni í brekkunni og torfur og eðja hrúgaðist upp á láglendinu neðan við.

Eftir þetta fylgdi sterkur frostakafli og ofan í hann rigndi mikið. Einn morgun þegar bændur komu út hafði stór móbergsfylla hrunið úr fjallinu ofan við jarð-

fallið og grjót dreifst um brekkuna og sléttuna neðan við. Bergfyllan hafði fleigast frá um sprungu sem menn höfðu áður tekið eftir í fjallinu (Munnlegar upplýsingar frá Magnúsi Sigurjónssyni, bónða í Hvammi, - gögn H.G.P.).

Heim: Gögn H.G.P.

28. mars HVALFJÖRÐUR.

Grjóthrun.

Að morgni þ. 28. nálgædist lægð landið. Hlýnaði og var hiti 4° yfir meðalagi. Lægðin fór hratt norðaustur yfir landið og ringdi víða.

Steinn féll á veginn í Hvalfirði við Botnsskála.

Heim: Ríkisútværið 28.03., fréttir kl. 19.

3. maí PINGEYRI.

Grjóthrun.

Bjarg hundi úr Sandafelli við Pingeyri og lenti á húsinu Aðalstræti 53. ...Hér var á ferðinni stakur steinn og vænn að stærð. Þótti þessi atburður mjög óvenjulegur (Gögn H.G.P.).

Heim: Ríkisútværið 06.05., sjónvarpsfréttir kl. 20. Gögn H.G.P.

27. maí SKAGASTRÖND (Arnarstapi).

Grjóthrun.

Fjórtán ára piltur frá Skagaströnd varð fyrir grjóthruni þegar hann var að klifra eftir eggjum í Arnarstapa skammt frá Skagaströnd. Slasaðist hann illa á fótum og á baki og má kalla mikil lán að ekki fór verr. Pilturinn var hálfnaður að klífa þangað sem hann ætlaði ...Þá hrappaði mjög stór steinn á hann og hreif hann með sér niður bjargið. "Ég má þakka fyrir að ekki fór verr, steinninn hefur örugglega verið um 200 kg" (Dagur 29.05.).

...að hafa fengið grjóthnullung ofan á sig við eggjatöku í Höfðanum. Við að fá hnnullunginn á sig hrappaði drengurinn niður í fjöru. ...Þegar hann hafði klifrað rúman meter upp í snarbrattann Arnarstapann losnaði stór steinn einum tveim metrum ofar. Hann reyndi að komast undan grjótinu, sem er talið rúm 50 kg að þyngd (Feykir 29.05.).

Heim: Dagur 29.05. Feykir 29.05.

Maí AUSTUR HÚNAVATNSSÝSLA.

Skriður.

Óvenju úrkomusamt var um meginhluta landsins og mjög þungbúið suðvestanlands. Norðaustanlands var sérlega hlýtt. Úr Austur Húnnavatnssýslu er þess getið að óvenju mikil úrkoma hafi verið þrjár fyrstu vikur mánaðarins. Rigningarvatn hefur því bæst við vatnselg frá vorleysingum.

Nokkur skriðuföll urðu í fjöllum, en hvergi stórvægileg (Húnavaka 32).

Talsverð skriða féll rétt norðan við þjóðveginn um Bólstaðarhlíðarbrekku (Svartárdalur), og fór þar yfir vegslóða. Sennilega féll þessi skriða þann 09.05. Auk þess mun skriða hafa fallið í Auðólfssstaðaskarði, en um það liggur leiðin inn í Laxárdal. Víða um Svartárdal og Langadal mátti sjá skriðuspýjur (Gögn H.G.P.).

Við bæinn Hjallaland í Vatnsdal hlupu þetta vor skriður úr giljum (Gögn H.G.P.).
Heim: Húnavaka 32. Gögn H.G.P.

Maí EYJAFJARDARDALUR.

Skriða.

Þá mun hafa fallið stór skriða við vorleysingar, framarlega úr austurhlíð Eyjafjarðardals.

Heim: Gögn H.G.P.

29. júní HVALSNESSKRIÐUR.

Grjóthrun.

Þurrt veður.

Fólk var beðið um að fara varlega um Hvalsnesskriður, milli Djúpavogs og Hafnar, vegna grjóthruns. Hrun varð á veginn við Sýslusteininn á mörkum Suður Múlasýslu og Austur Skaftafellssýslu.

Heim: Ríkisútvarpið 29.06., fréttir kl. 19.

15. ág. ÓSHLÍÐ.

Grjóthrun, skriða.

Að mestu þurrt veður.

Grjóthrun varð í Óshlíð, rétt innan við Sporhamar, milli Bolungavíkur og Ísafjarðar, laust fyrir kl. 21 í gærkvöldi. ...Grjóthrunið var nokkuð mikið og fóru stór björg af stað en tvö þeirra stöðvuðust á veginum (DV 16.08.).

Stór grjótskriða féll yst á Óshlíð milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur skömmu fyrir kl. 21 í fyrarkvöld. Mildi var að ekki urðu slys á fólk, en ökumenn tveggja bíla og maður á reiðhjóli sáu skriðuna koma niður hlíðina, þegar þeir áttu eftir örstutta leið að staðnum, og sama var að segja um ökumann var að koma inn hlíðina. Stálnet sem komið hefur verið fyrir ofanvert við veginn tók við mestöllu grjótinu, þó fóru björg 5-10 tonn að þyngd hvort inn á veginn og eitthvað féll af grjóti á veginn beggja vegna stálnetsins, sem er um 200 m langt á þessum stað. ...Hann sagðist hafa séð hvar skriðan fór af stað upp undir fjallsbrún og síðan fylgst með þegar stór björg þeyttust niður hlíðina og ruddu með sér smærra grjóti, mikill mökkur fylgdi skriðunni, sem breiddi úr sér eftir því sem neðar dró. ...Hann sá stærra bjargið lenda í járnnetinu, en svo vel hélt búnaðurinn að öll fallorkan hvarf úr steininum og lagðist hann á veginn án þess að valda neinum skemmdum (Mbl. 17.08.).

Skriða ...stór björg þeyttust í gegnum netið ...rauk úr allri hlíðinni ...skriðan tók þó nokkurn tíma að falla ...með stærri skriðum (RÚV 16.08.).

Heim: DV 16.08. Mbl. 17.08. Ríkisútvarpið 16.08., fréttir kl. 12:20.

3. sept. ÓSHLÍÐ.

Grjóthrun.

Þurrt veður.

Talsvert grjóthrun hefur verið úr Óshlíðinni upp á síðastið. Vörubíll frá Vega-gerðinni skemmdist talsvert þegar hann varð fyrir grjóthruni um kvöldmatarleytið

i gær. Gamlir vegagerðarmenn telja að hætta á grjóthruni aukist þegar miklir þurrkar eru, en lítið hefur rígt á Vestfjörðum í sumar (RÚV 04.09.).

...Vörubíll frá Vegagerðinni varð fyrir grjóthruni á Óshlíð skammt frá Sporhamri um kvöldmatarleytið í gær. Stýrið mun hafa farið úr sambandi þannig að bílinn fór útaf, en sem betur fer að ofanverðu við veginn þannig að hann hafnaði í netinu en ekki niðri í fjöru. ...Grjóthrun hefur verið með meira móti í Óshlíð í sumar (Vestfirska Fréttablaðið 05.09.).

Heim: Ríkisútvarpið 04.09., fréttir kl. 12:20. Vestfirska Fréttablaðið 05.09. DV 10.09.

3.-4. okt. FAGRIDALUR, LJÓSAVATNSSKARÐ, VAÐLAHEIÐI, EYJAFJARDARDALUR, HÖRGÁRDALUR.

Skriður.

Kröpp lægð nálgaðist úr suðri þ. 2. og var við Austurland daginn eftir, en þokaðist austur á böginn þ. 4. Vindur var fyrst austanstæður, en gekk síðan til norðurs og var hvassast þ. 3. Úrkoma var um allt land, slydda eða snjókoma, en langmest var hún á Austurlandi og komst þar jafnvel yfir 100 mm á sólarhring.

Fagridalur 03.10.: ...Miklar rigningar urðu samfara óveðrinu á Austurlandi í fyrrinótt og féllu fjórar aurskriður í Fagradal, milli Reyðarfjarðar og Héraðs (Mbl. 04.10.). ...Fjórar aurskriður ...féllu um gróið svæði ...þunnfljótandi, leðjublandið vatn ...Vegagerðin opnaði veginn á 4 tímum (Gögn H.G.P.).

Ljósavatnsskarð 04.10.: ...Nokkrar minni háttar aurskriður féllu í landi Sigríðarstaða og náði ein þeirra inn á tún. Á föstudag (04.10.) féll síðan aurskriða úr fjallinu milli Háls og Birningssstaða. Skriðan náði niður að gamla þjóðveginum sem liggur austur Ljósavatnsskarð. Nokkrar skemmdir urðu á girðingum og einn staur í rafmagnslínu bæjanna Birningssstaða og Kampsstaða brotnaði. Óhemju mikil úrkoma hefur verið hér í dalnum (Fnjóskadalur) og muna sumir ekki eftir öðru eins (Dagur 08.10.).

Hörgárdalur 04.10: Skriða féll ofan við bæinn Skriðu og skildi eftir sig áberandi ör í urðinn utan á fjallinu. ...Efst í fjallinu ofan við Barká féll löng og mjó skriða niður á gróinn hjalla. Var hún mjög áberandi (Gögn H.G.P.).

Auk þess féllu smáskriður og skriðuspýjur víða um Eyjafjörð. Má nefna áberandi smáskriðu í Vaðlaheiði, ofan við Veigastaði. Gil í Eyjafjarðardal spýttu úr sér skriðum og voru þær mest áberandi við Vatnsenda, Hóla og Nýjabæ. Í Öxnadal slettu gil víða úr sér smá skriðuspýjum (Gögn H.G.P.).

Heim: Mbl. 04.10. Dagur 08.10. Gögn H.G.P.

7. okt. HVALFJÖRÐUR.

Grjóthrun.

Úrkomusvæði kom inn yfir land úr suðri þ. 6., og aftur gerði stórrigningu á Austurlandi. Vindur var austanstæður og allhvass. Þ. 7. og 8. var áttin austlægari. Fyrri daginn var hvasst og víða stormur, en verst veðrið vestan til á landinu.

Stórgrýti hefur hrunið á veginn um Hvalfjörð, ...úr Múlafjalli ...Hættulegt er að vera á ferli.

Heim: Ríkisútvarpið 07.10., fréttir kl. 19.

15. okt. KAMBAНЕSSKRIÐUR.

Skriða?

Þ. 15. var lægð að dýpka sunnan við land, og gerði þá allhvassa austan og norðaustanátt með rigningu og slyddu um mestallt landið.

Vegurinn um Kambanesskriður, milli Breiðalsvíkur og Stöðvarfjarðar, skemmdist mikið fyrst í síðstu viku. Mörg þúsund rúmmetra fylla fór úr veginum og hrundi niður í sjó, 100-200 metra. Eftir stendur ein bílbreidd og er kanturinn mjög blautur. ...óttast menn að meira hrun geti orðið á þessum slóðum (DV 21.10.). ...en skemmdirnar eru á 20-30 metra kafla. Uppi eru getgátur um að lagning ljósleiðarastrengs í sumar ofan við veginn valdi þarna nokkru um (Austri 24.10.).

Heim: DV 21.10. Austri 24.10.

24. okt. ÓSHLÍÐ, SÚÐAVÍKURHLÍÐ, BREIÐDALSHÆÐI.

Grjóthrun.

Hlýindakafli, leysingar og rigning á Vestfjörðum.

...Skruðningar heyrast úr fjöllum. ...Grjóthrun í gangi. ...Lögreglan á Ísafirði kann-aði vegina til Hnífsdals og Súðavíkur, lítið grjót enn á vegum. ...Fólk beðið um að fara varlega því hætta er á grjóthruni (RÚV 24.10.).

...á Vestfjörðum hefur nokkuð borið á grjóthruni í bröttustu hlíðunum. Má þar nefna Óshlíð og Súðavíkurhlíð. ...að hrunið hefði orðið einna mest í svokallaðri Kinn á Breiðdalshæði, en þar er mikið brattlendi. Ekki hafði það þó tafið fyrir umferð (DV 24.10.).

Heim: Ríkisútvarpið 24.10., fréttir kl. 08. DV 24.10.

10. nót. ÞVOTTÁRSKRIÐUR, HVALSNESSKRIÐUR.

Grjóthrun.

Þ. 10. dýpkaði lægð skammt fyrir sunnan land. Vindátt snerist til austurs og síðar norðausturs. Í fyrstu var allmikil úrkoma um allt land. Sums staðar snjóaði mikið og snjóflóð fellu í Óshlíð þ. 10. og 11.

Grjóthrun er í Þvottár- og Hvalsnesskriðum. Vegagerðin hélt veginum opnum í dag, en óttast er að hann verði ófær í kvöld (RÚV 10.11.).

Verið er að ýta grjóti af veginum um Þvottár- og Hvalsnesskriður og búist er við að hann verið fljótlega fær (RÚV 11.11.).

Heim: Ríkisútvarpið 10.11., fréttir kl 19. 11.11., fréttir kl. 12:20.

Okt. - nót. ALMENNINGAR.

Jarðsig.

Vegurinn til Siglufjarðar í svokölluðu jarðsigi hefur sigið niður um þrjá metra á einu ári og árið á undan seig vegstæðið svipað (að sögn umdæmisstjóra Vega-gerðarinnar á Sauðárkróki). ...Það er um hundrað metra langur kafli við svokallað Kóngsnef á Almenningum sem hefur sigið á hverju ári síðan vegurinn var lagður þarna fyrir um 25 árum, en misjafnlega mikið. Það er líka misjafnt hvað vegurinn sígur oft yfir árið. Oftast verður slíkt eftir miklar rigningar. Síðustu tvö árin hafa verið með þeim verstu hvað jarðsigið varðar. ...Nú eru áform um að færa veginn ofar í fjallið á þessum slóðum og reyna þannig að komast upp fyrir

þann stað sem mest er á hreyfingu. Unnið hefur verið að þessu í haust. ... (myndatexti) Stórvirkar vinnuvélar að störfum í jarðsiginu. Skömmu áður hafði vegurinn þar lækkað um rúmlega einn metra á um sólarhring.

Heim: DV 22.11.

ATH: Það virðist mega ráða af lestri þessarar fréttar að nýlega (okt. eða nóv.?) hafi orðið um 1 m sig á veginum um Almenninga og síðustu tvö árin (1990, 1991) hafi vegurinn sigið um tæpa 6 m. Síðustu heimildir sem ég hef fundið um jarðsig á Almenningum eru frá 1983 (Mbl. 14.08.83.), en þessi frétt ber með sér að jarðsig hefur verið þar allan tímann síðan. Það gæti verið fróðlegt að vita hvert er heildarsig á veginum þessi 25 ár síðan hann var byggður. Einnig hlýtur að vakna sú spurning hvenær berghlaupið sem vegurinn liggur þarna um fari allt af stað og hlaupi út í sjó.

7. des. ÍSAFJÖRÐUR (Eyrarhlíð), MJÓIFJÖRÐUR, PATREKSFJÖRÐUR.

Skriður.

Hlýindi, leysingar. "Hér (Ísafjörður) hefur verið allt að 8-9 stiga hiti að deginum og hafa leysingar orsakað þessar aurskriður. Þar að auki hefur gengið á með skúrum."

Aurskriður féllu á vegi á Vestfjörðum í hlýindum þ. 5.-6. Engir stórskaðar urðu (Veðr. des.).

Vegurinn milli Ísafjarðar og Hnífsdals (Eyrarhlíð) lokaðist vegna aurskriðu að faranótt laugardagsins (07.12.) (Mbl. 08.12.). ...lokaðist vegna aurskriðu að faranótt laugardagins og reyndist sú skriða vera í stærra lagi (Bæjarins Besta 11.12.).

Á laugardagsmorgun kom í ljós að aurskriður höfðu einnig lokað veginum í Mjóafirði, skammt frá bænum Hörgshlíð (Mbl. 08.12.).

Þá munu hafa fallið aurskriður á vegi í Patreksfirði, en þær gætu hafa verið fyrr á ferðinni, 5.-6. (Gögn H.G.P.).

Heim: Mbl. 08.12. Bæjarins Besta 11.12. Veðr. des. Gögn H.G.P.

ATH: Sennilega hafa fallið skriður víðar á Vestfjörðum um þetta leyti (Veðr. des.).

30. des. PÓRSMÖRK (Valahnjúkur).

Skriður.

Síðdegis þ. 29. nálgaðist lægð landið úr suðvestri og var hvöss suðaustanátt og rigning næstu nótt.

Sólarhringinn áður hafði rignt mjög mikið á þessu svæði. Sem dæmi má nefna að mjög mikið var í Markarfljóti, og niðri við brú sást ekki í nokkra eyri. Rigningunni slotaði að mestu um kl. 10 um morguninn, og lækkaði þá mjög hratt í Krossánni.

Kl. 11:11 um morguninn félldi aurskriða úr Valahnjúk og rann yfir aðstöðu Ferðafélags Íslands. Skriðan félldi úr suðaustanverðum hnjknum, við mynni Langadals.

Áætluð breidd upptaka var rúmir 20 m, lóðrétt lækkun 30-40 m og vegalengd um 100 m. Flóðið náði niður í Krossá. Vitni voru að þessari skriðu. Aurflóðið félldi niður yfir hluta af tjaldstæði FÍ, og skildi þar eftir allt að 50 cm aurlag. Flóðið félldi einnig yfir lagnir tengdum tjaldstæðinu. Flóðið tók með sér nokkur tré og eyðilagði. Þá félldi nokkur önnur og minni aurflóð annars staðar úr Valahnjúk. Sáust þess merki á gönguslóðinni niður að Krossárbrúnni. Einnig var þar eitthvað um lausa steina sem höfðu fallið niður úr fjallinu.

Heim: Bréf Jóns Gunnars Egilssonar, Veðurstofu Íslands.

1992

13. jan. FLJÓTSHLÍÐ, HVALFJÖRÐUR, SKÍÐADALUR.

Skriður, grjóthrun.

Asahláku gerði víða um land í kjölfar stórrigninga sem gengu yfir landið þ. 12. og 13. Miklil flóð urðu í Norðurá og Hvítá í Borgarfirði og víða um land voru miklir vatnavextir. Vegaskemmdir urðu víða t.d. í Borgarfirði, á Snæfellsnesi og á Vestfjörðum.

...Við Hlíðarendakot í Fljótshlíð félldi aurskriða sem ekki olli tjóni á mannvirkjum (Mbl. 14.01.). ...Aurskriða félldi í hliðinni rétt vestan við bæinn Eyvindarmúla sem stendur austarlega í Fljótshlíð. ...Margar aurskriður félldu aðfaranótt mánudagsins í Fljótshlíð þegar leysingarnar stóðu sem hæst. ...Mest urðu spjöllin í landi Hlíðarendakots og Hlíðarenda. Í landi Hlíðarenda braut aurskriða rafmagnsstaur (DV 15.01.). ...Um 10 skriður smáar og stórar félldu milli Hlíðarenda og Eyvindarmúla (Gögn H.G.P.).

Í Hvalfirði félldi stórt bjarg á veginn (RÚV 13.01.).

Úr Stólnum í Skíðadal félldi skriða í landi Dælis, í stórrigningu um kvöldið þ. 13.01. Rigningin á Dæli var gífurleg í þetta skiftið og var nánast "skafrenningur" af rigningu. Sama dag urðu talsverðar vegaskemmdir við Urðir í Svarfaðardal. Skriðan tók sig upp undir klettabelti í miðjum hliðum Stólsins og félldi yfir góða berjalaut og huldi hana með aur og miklu grjóti. Annars staðar í Skíðadal var hjarn (harður snjór) á yfirborði, þannig að úrkoman rann ofan á (Gögn H.G.P.).

*Heim: Ríkisútvarpið 13.01., fréttir kl. 12:20. Mbl. 14.01. DV 15.01. Gögn H.G.P.
ATH: Hugsanlega félldi skriður á Vestfjörðum (DV 16.01.)*

6. febr. HVALSNESSKRIÐUR, AUSTUR-BARÐASTRANDARSÝSLA (Reykholasveit).

Skriður.

Stórrigningar, leysing, vegaskemmdir, snjóflóð á Vestfjörðum.

Búið er að ryðja burt aurskriðum sem félldu á veginn um Hvalsnesskriður í Lóni í gær (RÚV 07.02.).

Övenjumikið vatnsveður gerði í Reykholasveit fimmtudaginn 6. febrúar og urðu nokkrar skemmdir. ...Allbreið skriða félldi úr fjallinu fyrir ofan Miðhús sem skemmdi veg og tún þar á bæ (Mbl. 11.02.).

Heim: Ríkisútvarpið 07.02., fréttir kl. 12:20. Mbl. 11.02.

13. febr. ÓLAFSVÍKURENNI.

Grjóthrun.

Það óhapp varð 13. febrúar að bifreið lenti út af veginum undir fjallinu Enni. ...sá hann (ökumaður) skyndilega gjóthnullunga á veginum, sem sennilega hafa fallið úr bjarginu fyrir ofan. Hann reyndi að sveigja frá grjótinu en missti við það vald á bifreiðinni og lenti út af veginum. ...Mestur hluti vegarkaflans liggur í nokkurri

fjarlægð frá bjarginu en nokkur hluti hans er mjög næri því og þar varð óhappið. Undanfarnar vikur hefur verið mikið grjóthrun á þeim kafla.

Heim: DV 17.02.

24. febr. KAMBANESSKRIÐUR.

Skriður.

Djúp lægð nálgaðist úr suðri þ. 23. og fór norður yfir landið þ. 24. Hvöss suðaust-anátt var á undan skilum lægðarinnar og á eftir þeim vestan stormur. Mikil úrkoma var um mest allt landið.

Skriða féll í Kambanesskriðum, vegurinn lokaður þar til veður lægir (RÚV 24.02.). ...Nokkrar skemmdir urðu á veginum í Kambanesskriðum vegna skriðufalla (Austri 27.02.).

Heim: Ríkisútværpið 24.02., fréttir kl. 12:20. Austri 27.02.

Febr. TJÖRNES (Voladalstorfa).

Grjóthrun.

Í febr. s.l. tóku þeir sem áttu leið um Tjörnesið eftir því að Voladalstorfan hafði breytt nokkuð um svip að austanverðu. Gríðarmikið stykki úr hamraveggnum hafði sprungið fram og myndað opið sár sem er mjög áberandi frá veginum.

Heim: Víkurblaðið 14.05.

8. mars HVALFJÖRÐUR, GILSFJÖRÐUR, ÖXNADALSHEIÐI (Giljareitir).

Skriður.

Hvassviðri gekk yfir landið þ. 08.03. og víða fylgdi því mikil úrkoma. Urðu leysingar, vatnavextir og snjóflóð féllu á Vestfjörðum.

Aurskriða féll á Vesturlandsveg við Hvammsvík í Hvalfirði og teppti umferð um skeið (Mbl. 10.03.). ...Aurskriður féllu í Hvalfirði (DV 09.03.).

Í Gilsfirði lokaðist vegurinn um tíma þegar einar 10 aurskriður féllu á veginn á um 15 km löngum kafla frá Gróustöðum og inn undir Gilsfjarðarbrekku. Ein skriðan var allt að 3 m há og gnæfði yfir háa jeppa sem óku í gegnum skarð sem stórvirk vinnuvél ruddi í skriðuna (Mbl. 10.03.).

Vestast í Giljareitum og víðar ruddust krapa- og aurskriður yfir veginn, en hvergi þó þannig að skemmdir hlytust af (Dagur 10.03.).

Heim: DV 09.03. Mbl. 10.03. Dagur 10.03. Veðr. mars.

3. apr. REYNISFJALL

Grjóthrun, skriða.

Stórt hráp féll úr Reynisfjalli austanverðu aðfaranótt föstudagsins (03.04.) og í sjó fram. Einn íbúa austan við Víkurá í Vík vaknaði við miklar drunur rétt fyrir kl. 01:30 um nóttina. ...Hrapið er á að giska 200 m breitt og annað eins þar sem það er hæst. Í berginu fyrir ofan er far, eins og eftir hnífslað, þvert eftir bjarginu þar sem skriðan hefur byrjað. Sennilegast er að sprunga hafi verið í fjallinu sem hefur gliðnað út og bergið fallið fram yfir sig.

Heim: DV 07.04.

19. apr. VESTMANNAEYJAR (Klifin).

Grjóthrun.

Stórt bjarg hrundi úr Klifinu í Eyjum ...Bjargið sem vegur hundruð kílóa, klofnaði úr bergvegg austan til í Klifinu. Í grasbrekkunni fyrir neðan má sjá merki þess að það hefur henst í loftköstum niður hlíðina. Fór bjargið gegnum varnargarð sem settur hefur verið upp við veginn inn á Eiði, sem liggur undir fjallshlíðinni, yfir veginn og endaði ferð þess á hrúgu fiskkara sem stóðu utan við hús Fiskmarkaðar Vestmannaeyja og braut nokkur þeirra (Mbl. 22.04.). ...Löggreglu var tilkynnt um bjargið um kl. 19:00 á sunnudagskvöldið (19.04). Það hefur fallið úr klettabeltinu, efst í Klifinu ...vægt áætlað er bjargið minnst tvö til þrjú tonn (Fréttir, Vestmannaeyjum 24.04.).

Þau (fjölskylda í bíltúr) voru stödd á veginum undir Klifinu þegar Anna Ragnheiður sem er 5 ára, rekur upp óp og bendir pabba sínum á stóran stein sem skoppaði niður hlíðina í stórum stökkum. Fór hann í gegnum varnarvegginn ofan við veginn og endaði hinum megin við veginn.

"Okkur stafaði ekki hætta af stóra steininum eftir að ég stoppaði, en skriðan sem kom á eftir stefndi beint á bílinn þar sem hann stóð. Ég setti í afturábakgír og stoppaði ekki fyrr en inn á Eiði." ...Stóri steinninn vegur a.m.k. 1 til 2 tonn og steinarnir sem fylgdu á eftir voru sumir nokkuð stórir og greinilegt að þarna hefur mátt litlu muna að ekki yrði stórslys (Fréttir, Vestmannaeyjum 07.05.).

Heim: Mbl. 22.04. Fréttir, Vestmannaeyjum 24.04. 07.05.

ATH: Mbl. 22.04. gefur ranga dagsetningu.

19. maí ÞRENGSLI (Lambafjall).

Grjóthrun.

Kona var flutt á sjúkrahús eftir að hún fékk grjót í höfuðið í malarnáminu við Þrengslaveg í gær (Mbl. 20.05.). ...Kona slasaðist talsvert á höfði, þegar grjót hrundi á hana í malarnáminu við Lambafjall í Þrengslum í dag. Hún var flutt á sjúkrahús með sjúkrabíl (RÚV 19.05.).

Heim: Ríkisútvarpið 19.05., fréttir kl. 17. Mbl. 20.05.

Júní - sept. ÓSHLÍÐ.

Grjóthrun

Í síðustu viku kom steinn fljúgandi yfir Óshlíðarveg, hitti einn ljósastaurinn á Hlíðinni og eyðilagði hann, eins og sjá má á myndinni. Steininn virðist hafa kastast yfir vínetið í grjótgildrunum án þess að snerta það eða veginn og lent eins og fall-byssukúla á staurnum. Nokkru áður hafði skriða skemmt ljósastaur skammt utan við þann stað þar sem myndin er tekin (Vestfirska fréttablaðið 25.06.). ...Pessar gildrur hafa verið viðhaldfrekar því grjótflug hefur verið mikið ofan úr klettum uppi í fjalli í summar á Óshlíð. Það hefur því mætt verulega á netunum og hafa þau látið á sjá. Fyrir kemur að grjót fer í gegnum netin eða yfir þau og þrír ljósastaurar hafa eyðilagst í summar vegna þess (Vestfirska fréttablaðið 10.09.).

Heim: Vestfirska fréttablaðið 25.06. 10.09.

6. JÚLÍ SKAGAFJÖRÐUR (Blönduhlíð).

Skriður.

Mikið hret gekk yfir Norðurland seinni part júní og snjóaði í fjöll og fjallvegir teptust. Þessa snjóa leysti ekki fyrr en í byrjun júlí, og varð þá víða asahláka. Aurskriður félleu úr Hjaltastaðafjalli í Skagafirði síðdegis á mánuðag (06.07.). Tölverður snjór var í fjallinu eftir norðanáhlaupið á dögunum og á mánuðag voru mikil hlýindi og asahláka, sem trúlega hefur orðið þess valdandi að fjallið nánast flaut fram. Stærsta skriðan féll fyrir ofan bæinn Hjalla og reif niður girðingu á um 100 m kafla. Fólk í Blönduhlíð var mjög brugðið þegar það heyrði drunur í lofti og sá mórauða leðju og stórgreyti ryðjast niður öll gil í Hjaltastaðafjalli. Fyrsta skriðan féll nyrst í fjallinu og síðan koll af kolli, suður úr á skömmum tíma og félleu skriður í landi fjögurra jarða neðan fjallsins. Skurðir fylltust af vatni og varð flaumurinn svo mikill að við ræsi höfðu ekki undan (RÚVAK 08.07.). ...álítur að tjarnir hafi myndast uppi á fjallinu, þær síðan rutt frá sér og fallið af krafti niður í gilin (Feykir 08.07.). ...Í hretinu snjóaði úr sérstakri átt og hlóð snjóinn utan í Hjaltastaðafjall. Eftir hretið var rigning/slydda og bætti ofan á snjóinn í fjallinu. Á mánuðag (06.07.) voru svo fyrstu hitar sumarsins, og þá um 20 stig. ...Ekki varð vart við að skriðuföll hefðu orðið annars staðar í Skagafirði en í Hjaltastaðafjalli í þetta skiftið (Gögn H.G.P.).

Heim: Ríkisútvarpið, (Svæðisútvarp Norðurlands) 08.07., fréttir kl. 18:35. Feykir 08.07. DV 13.07. Gögn H.G.P.

JÚLÍ BÚLANDSHÖFÐI.

Grjóthrun.

Gríðarstór grjóthnullungur hrundi á bíl í Búlandshöfðanum nýlega. Bílstjórinn sá hrunið í tæka tíð og náði að stöðva bílinn þannig að grjótið lenti ofan á fram-brettið og framrúðu vinstra megin og munaði því hársbreidd að steinnin lenti á bílstjórnunum, Hnullungurinn er u.p.b. einn og hálfur metri á hæð og breiddin er rúmlega einn metri. Bílinn er stórkemmdur.

Heim: Mbl. 21.07.

Ág. VESTMANNAEYJAR (Klifið).

Grjóthrun.

...A þriðjudaginn var (04.08.) fékk blaðamaður Fréttu ábendingu frá Sigmari Pálssyni þess efnis að grjóthnullungar hefðu hrunið úr Klifinu um helgina. Er blaðamaður kom á staðinn reyndist sú saga ekki ýkt því við blasti steinn sem skoll-íð hafði í gám Sigmars með þeim afleiðingum að hann beyglaðist talsvert. Tveir aðrir steinar höfðu lent ekki langt frá, annar við veginn og hinn í miðri brekku fyrir framan aðstöðu Sigmars. Var hann svo stór að hann ruddi með sér stóru jarðsvæði þegar hann lenti (Fréttir, Vestmannaeyjum 06.08.).

...Í síðustu viku sögðum við frá grjóthruni úr Klifinu. Höfðu stærðar hnnullungar skoppað niður hlíðina og farið yfir veginn út á Eiði. Ekki sér fyrir endann á þessu því einhvern síðustu daga kom stærðar steinn úr Klifinu, mun norðar en venju-lega, eða við snúninginn yst á Eiðinu. Fór hann yfir veginn og hafnaði á girðingu (Fréttir, Vestmannaeyjum 13.08.).

Heim: Fréttir, Vestmannaeyjum 06.08. 13.08.

8. ág. BREIÐDALSHEIÐI.

Grjóthrun.

Við lá að illa færi er grjóthnullungur féll á bifreið sem ekið var um veginn í svokallaðri Kinn efst á Breiðdalsheiði um kl. 21. síðastliðið laugardagskvöld (08.08.). Grjóthnullungurinn, sem var á stærð við fótbalta, lenti ofan á bifreiðinni, fór í gegnum sóllúguna og hafnaði í aftursætinu aftan við farþegann sem þar sat, en hann hafði augnarbliki áður hallað sér fram til að ræða við þá sem þar sátu.

Heim: Mbl. 11.08.

Ág. REYÐARFJÖRÐUR.

Skriða.

Í síðustu viku ringdi mikið hér fyrir austan og mældist rigningin 24 mm á Reyðarfirði, við þetta lokaðist Suðurfjarðarvegur og Norðfjarðarvegur auk þess seig vegfylling í Oddskarði.

Suðurfjarðarvegur lokaðist vegna aurskriðu, er féll yfir veginn rétt utan við svokallað Handarhald, sem er gegnt Reyðarfjarðarþorpi.

Heim: Austri 27.08.

ATH: Þetta hefur verið um 20 ág.

30. ág. KALDAKINN, VAÐLAHEIÐI, (Bleiksmýrardalur?).

Skriður.

Ágúst var mjög vætusamur Norðanlands. Á Akureyri mældist úrkoman 109 mm, sem er rúmlega þrefold meðalúrkoma og hefur ekki mælst svo mikil úrkoma í ágúst á Akureyri síðan 1950.

Stór og mikil skriða féll í Staðarfjalli (Skriðnafell) norðan við Þóroddsstað (Engihlíð) í Ljósavatnshreppi í stórrigningu sem þar gerði fyrir viku. Skriðan nær ofan frá brún fjallsins og niður í myri. Að sögn Baldvins Baldurssonar á Rangá er erfitt að kanna hvort skepnur hafa látið líf sitt og grafist í skriðunni og verður það víst aldrei ljóst. Hann giskar á að skriðan sé 20-50 m að breidd. ...Í vatnsveðrinu á dögunum féll einnig smáskriða í Hrafnstaðafjalli og skemmdi skógræktargirðingu bónðans svo að skepnur komust þar inn. "Það voru feikilegar rigningar og á sunnudag voru lækir eins og stórfljót, Rangáin bakkafull og skurðir á láglendi barmafullir. Þetta var alveg feikileg úrkoma í two daga," sagði Baldwin (Dagur 05.09.). ...Það var fyrst og fremst jarðvegur sem sópaðist utan af fjallinu og flaut niður í vatnsósa myri (Gögn H.G.P.).

Þá hafa sennilega fallið skriður á Bleiksmýrardal, því mikill litur kom á Fnjóská þann 30. ág. (Gögn H.G.P.).

Þá sáust einnig smáskriður í Vaðlaheiði annars vegar ofan við Hallanda og hins vegar umhverfis Bíldsárskarð. Vatnsósa jarðvegur hafði runnið af stað og niður á hjalla neðan við (Gögn H.G.P.).

Heim: Dagur 05.09. Mbl. 10.10. Gögn H.G.P.

ATH: Staðarfell er líka nefnt Skriðnafell. Jarðabókin (Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1712) getur um Gissurshús, eyðiháleigu, sem byggð hafi verið um fáein ár, fyrir þá um 40 árum í staðarins landi út með fjallinu, en hvorki áður né síðan. Síðan segir Jarðabókin að hér megi ekki byggja fyrir túnstæðisleysi og auk þess hafi hlaupið skriða úr fjallinu á kotið og eyðilagt það. Gissurshús hafa sennilega verið á þessum slóðum, en þó nokkur uppgróin skriðuör sjást í fjallinu.

7. sept. FLJÓT, SKÍÐADALUR (Pverárdalur), HÖRGÁRDALUR, ÖXNADALUR.

Ágúst var mjög vætusamur Norðanlands. Á Akureyri mældist úrkoman 109 mm, sem er rúmlega þrefold meðalúrkoma og hefur ekki maelst svo mikil úrkoma í ágúst á Akureyri síðan 1950. Þessi vætutíð hélt áfram fram undir 20. sept. Stórrigning var þann 6.-7. sept.

Aurskriða fél í morgun á veginn yfir Lágheiði, við Prasastaði (í Fljótum). Skriðan var lítil og búast vegagerðarmenn við að vegurinn verði fær fljótlega. Skriðan fél í nótt eða morgun (RÚV 07.09.).

Þá féllu skriður í Pverárdal, en hann er hliðardalur úr Skíðadal. Ein þeirra var mjög stór og lokaði nánast umferð gagnamanna um dalinn. Skriðan mun hafa fallið ofan úr skálarbrún (fjallsbrún), en þar mun hafa sprungið fyrir og sáust þar stórar sprungur. Efni í skriðunni var leir og urð og var stöðugt hrun úr henni þegar gangnamenn voru þar á ferð um 11. sept. Skriðan mun hafa hlaupið þegar mesta rigningin var afstaðin (etv. 8.-9. sept.) (munnlegar upplýsingar frá Óskari Gunnarssyni, bónda að Dæli, Skíðadal - gögn H.G.P.).

Þá fél stór skriða úr fjallinu ofan við Barká í Hörgárdal. Skriðan fél úr grónum hjalla í miðju fjalli (en niður á þann hjalla fél skriða 3.-4. okt. 1991), og rann niður undir tún ofan við gömlu bæjarhúsin á Barká. Þar stoppaði skriðan í skurði, en smávegis sullaðist út á túnið. Efni í skriðunni var eingöngu jarðvegur og var hún mjó efst og breikkaði mjög niður á við. ...Þá sáust skriðuspýjur hátt í fjallinu innan við Púfnavelli og í Lönguhlíðarfjalli höfðu skriðuspýjur fallið í gil (farvegi) milli Hallfríðarstaða og rétt norður fyrir Lönguhlíð (Gögn H.G.P.).

Við Efstaland í Öxnadal hafði skriða farið af stað neðarlega í hlíðinni ofan við bæinn, og fylgt farvegi sem stefnir beint á útihúsin á bænum. Skurðir sem grafnir hafa verið ofan við húsin beindu aurnum frá bænum og leiddu hann niður á áreyrar. ...Víða um Öxnadal höfðu fallið smáspýjur í þessum rigningum (Gögn H.G.P.).

Heim: Ríkisútvartið 07.09., fréttir kl. 12:20. Gögn H.G.P.

ág.-sept. ALMENNINGAR.

Jarðsig.

Vegurinn um Almenninga á veginum 76, Siglufjarðarvegi, hefur sigið umtalsvert meira nú seinni hluta sumars en oft áður á svipuðum tíma og er skýringa á því helst leitað til þess að ekki hefur komið einn þurr dagur síðan nokkru fyrir höfuðdag. Ekki hefur þó verið mikið um skriðuföll að einu tilfelli undanskildu í síðustu viku er stór steinn fél á veginn. ...Í rigningunum undanfarið hafi heilu stykkir skriðið burtu úr veginum og það gerist nú miklu oftar en venja sé til. Skriðuföll séu hins vegar ekki algeng, helst að skriðuföll eigi sér stað í skriðunum við Máná.

Heim: Dagur 22.09.

22. des. HVALSNESSKRIÐUR.

Skriða.

Lægð gekk yfir landið og fylgdi henni hvassviðri.

Aurskriða lokaði veginum í Hvalsnesskriðum (Mbl. 23.12.). ...Skriða fél í veginn í Hvalsnesskriðum um þrjúleitið í dag (RÚV. 22.12.).

Heim: Ríkisútvartið 22.12., fréttir kl 16. Mbl. 23.12.

SKRÁ YFIR STAÐANÖFN

Almenningar	1991 okt.-nóv.
Almenningar	1992 ág.-sept.
Bleiksmýrardalur?	1992 30. ág.
Blönduhlíð/Skagafj.	1992 6. júlí
Breiðdalsheiði	1991 24. okt.
Breiðdalsheiði	1992 8. ág.
Búlandshöfði	1992 júlí
Eyjafjarðardalur	1991 maí
Eyjafjarðardalur	1991 4. okt.
V-Eyjafjöll	1991 febr./mars
Fagridalur	1991 3. okt.
Fljót	1992 7. sept.
Fljótshlíð	1992 13. jan.
Gilsfjörður	1991 5. febr.
Gilsfjörður	1992 8. mars
Hvalfjörður	1991 3. febr.
Hvalfjörður	1991 28. mars
Hvalfjörður	1991 7. okt.
Hvalfjörður	1992 13. jan.
Hvalfjörður	1992 8. mars
Hvalsnesskriður	1991 3. febr.
Hvalsnesskriður	1991 29. júní
Hvalsnesskriður	1991 10. nóv.
Hvalsnesskriður	1992 6. febr.
Hvalsnesskriður	1992 22. des.
Hörgárdalur	1991 4. okt.
Hörgárdalur	1992 7. sept.
Ísafjörður	1991 7. des.
Kaldakinn/S-Þing.	1992 30. ág.
Kambaneskriður	1991 14.jan.
Kambanesskriður	1991 15. okt.
Kambanesskriður	1992 24. febr.
Langidalur/A-Hún.	1991 maí
Ljósavatnsskarð	1991 4. okt.
Mjóifjörður/Ísafjd.	1991 7. des.
Mosfellssveit	1991 6. febr.
Ólafsvíkurenni	1992 13. febr.
Óshlíð	1991 15. ág.
Óshlíð	1991 3. sept.
Óshlíð	1991 24. okt.
Óshlíð	1992 júní-sept.
Patreksfjörður	1991 7. des.
Reyðarfjörður	1992 ág.
Reykhólasveit/A-Barð.	1992 6. febr.

Reynisfjall	1992 3. apr.
Skagaströnd	1991 27. maí
Skíðadalur	1992 13. jan.
Súðavíkurhlíð	1991 24. okt.
Svartárdalur/A-Hún.	1991 maí
Tjörnes	1992 febr.
Vaðlaheiði	1991 4. okt.
Vaðlaheiði	1992 30. ág.
Vatnsdalur	1991 maí
Vestmannaeyjar	1991 3. febr.
Vestmannaeyjar	1992 19. apr.
Vestmannaeyjar	1992 ág.
Þingeyri	1991 3. maí
Þórsmörk	1991 30. des.
Þrengsli	1992 19. maí
Þverárdalur/Skíðad.	1992 7. sept.
Þvottárvkriður	1991 3. febr.
Þvottárvkriður	1991 10. nóv.
Öxnadalsheiði	1992 8. mars
Öxnadalur	1992 7. sept.

SKÝRSLUR NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUNAR NÖÐURLANDS

1. Halldór G. Pétursson, 1987. Greinargerð til Almennu Verkfræðistofnunar vegna könnunar á byggingarefnum í nágrenni flugvallanna í Aðaldal, við Sauðárkrók og Blönduós.
2. Elín Gunnlaugsdóttir, 1988. Gróðurkönnun í lögsagnarumdæmi Akureyri. Fylgiskjal með drögum að gróðurkortum.
3. Halldór G. Pétursson, 1988. Könnun á jarðfalli við Haukamýri og setlögum í Húsavíkurbökkum.
4. Halldór G. Pétursson, 1989. Breytingar á farvegi Svarfaðardalsára.
5. Halldór G. Pétursson, 1990. Skriðuhætta við Draflastaði, Sölvadal í Eyjafjarðarsýslu.
6. Halldór G. Pétursson, 1990. Efnistökusvæði í Eyjafirði.
7. Halldór G. Pétursson, 1990. Byggingarefni í nágrenni Dysness.
8. Halldór G. Pétursson, 1990. Byggingarefni í nágrenni Árskógssands.
9. Halldór G. Pétursson, 1990. Vatnsöflun vegna stóriðju við Dysnes.
10. Hörður Kristinsson, 1990. Gróðurrannsóknir í þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum 1990.
11. Halldór G. Pétursson, 1991. Farvegur Eyjafjarðarár framan við Gnúpufell.
12. Halldór G. Pétursson, 1991. Byggingarefni í nágrenni Húsavíkur.
13. Halldór G. Pétursson, 1991. Jarðfræðikönnun við sorphauga á Glerárdal.
14. Halldór G. Pétursson, 1991. Drög að skriðuannál 1971 - 1990.
15. Halldór G. Pétursson, 1992. Fornir farvegir Hörgár.
16. Halldór G. Pétursson, 1992. Skriðuannál 1951 - 1970.
17. Halldór G. Pétursson, 1993. Skriðuannál 1991 - 1992.